

Hjálpsami Þjóðverjinn sem hvarf

Hinn 15. nóvember árið 1915 fengu öll grunnskólabörn á Akureyri frí frá kennslu. Þeim var safnað saman undir styrki stjórn Halldóru Bjarnadóttur skólastýru og síðan fylktu þau liði niður að höfn. Krakkaskarinn nam staðar við síldarbátinn Helga magra, sem var að leggja út til síldveiða við Noreg, og hélt tónleika við káetudymar. Akureyrská fréttablaðið Íslendingur lýsti því svo í frétt, þremur dögum síðar, að börnin hefðu verið að syngja góðan gest úr garði „er svo lengi hafði kynt sig hér sem stakan barnavin.“ Í frétt Íslendinga mátti einnig lesa að nokkrir bændur hafi gengið til skips með útskorinn göngustaf til handa gestinum góða og sömu leið fóru fulltrúar frá bæjarstjórn Akureyrar með forlata blekbyttu.

Gesturinn var þjóðverji, George H. F. Schrader að nafni, sem skyndilega birtist á Akureyri vorið 1912. Nú, rúmlega 90 árum seinna, veit enginn af hverju hann kom hingað og hvað rak hann til þess að fara aftur rúmlega þremur árum síðar. Vitað var að honum hafði græðst töluvert fé með viðskiptum í Bandaríkjunum og þeim fjármunum hafði að miklu leyti verið varið til góðgerðamála fyrir vestan haf og á Íslandi. Haft var á orði á Akureyri að hann hefði orðið fyrir einhverju áfalli – sumir sögðu ástarsorg en aðrir nefndu ástvinamissi – sem hefði fengið hann til þess að brjóta blað í lífi sínu og verja auðæfum sínum til hjálpar öðrum. Við brottför hans stóð eftir nýtt hestahótel á Akureyri sem hann gaf bæjarfélaginu og tvær bækur er hann hafði gefið út á íslensku á sinn eigin kostnað og áttu að vera þjóðinni til upplýsingar. Hét önnur *Heilræði til ungra manna í verzlun og viðskiftum* og hin *Hestar og reiðmenn á Íslandi*. Síðan bætir vikublaðið Íslendingur eftirfarandi setningu við, eftir að góðverk Schraders hafa verið talin:

Þegar litið er á þetta alt, sem ókunnugur og vandalaus maður gerir fyrir okkur sjálfa og skepnur vorar er óskiljanlegt ef menn ekki sjá á bak honum með óblandinni virðingu og hreinni þakklætistilfinningu.

Þessi setning er sterk brýning til Akureyringa að sýna Schrader gamla þakklæti og hún var ekki hafa verið skrifuð að ástæðulausu. Þjóðverjinn hjálpsami virðist hafa

gengið um götur Akureyrar í þrjú ár og viljað hjálpa fólki fjárgjöfum, bréfaskriftum og hollráðum um hina ólíkustu hluti allt frá viðskiptum, matargerð, meðferð búfjár og til þess að kenna börnum nýja leiki. Mjög víða hnýtur hann um óvana sem hann vill venja af þjóðinni. Alls staðar sér hinn nákvæmi Þjóðverji leiðir til þess að auka framleiðni í lífi og starfi landsmanna ef þeir aðeins vildu viðurkenna yfirburði erlendra siða og vinnubragða yfir sínar eigin venjur. En landsmenn neita að taka hann alvarlega og botna ekki í afskiptasemi hans. Þeir virðast jafnvel hafa litið á hann sem furðufugl og reynt að leiða hann hjá sér. Í viðauka við bókarrinnar um hesta og reiðmenn dregur Schrader svo saman viðbrögð Íslendinga við þeim hollráðum sem þeim voru gefin.

Þeir gegna því ekki, þeir þykjast kunna það alt miklu betur. ... Alt hvað er lagt til að gera, »dugir ekki á Íslandi, við verðum að hafa það eins og við gerum.« Þannig gætum vér hugsað oss, að Ísland tilheyrði alt öðrum heimi, og Íslendingar væru guðs útvalin þjóð – eða þá útskúfuð þjóð, eftir því hvort farið er eftir raupi þeirra af sjálfum sér og öllu íslenzku, eða þá eftir kveinstöfum þeirra yfir fátæktinni og jarðveginum.

Þetta finnst Schrader ekki aðeins vera þvermóðska heldur tekur einnig vanþakklæti gagnvart þeirri miklu fórn er honum finnst sjálfum að hann sé að færa Íslendingum með því að dvelja á meðal þeirra. Af þeim sökum hafa þeir Íslendingar sem komu niður á höfn til þess að kveðja hann líklega glatt hann meira en þeir gerðu sér grein fyrir. Schrader kom þó ekki upp á þiljur til þess að þakka fyrir söng eða gjafir. Hann lá sjúkurling og hjálparvana í koju á Helga magra eftir að þrjú hásetar höfðu stuttu áður borið hann þar niður. Þar var hann tárfeili og tautaði fyrir munni sér: “Krakkar, krakkar, krakkar.” Og aðeins þremur dögum seinna henti öllum sínum skjölum og skilríkjum út í mitt Atlantshafið og kastaði síðan sjálfum sér á eftir. Og hvarf.

Sagan af dvöl Schraders á Akureyri felur þess vegna í sér dálitla ráðgátu um ríkan mann sem yfirgaf vini og ættingja vorið 1912 og kaus að þremur síðustu árum ævi sinnar í það að hjálpa Akureyringum með ýmsa hluti. En hér hangir samt mun fleira á spýttunni. Þegar farið er yfir verk Schraders á Akureyri, skrif hans um Íslendinga og blaðafréttir af öllu saman, vakna margar spurningar um eðli hjálpseminnar. Og þá sérstaklega hvaða skyldur sá hjálpsami leggur á þá sem hann hjálpar, og hvaða þakklæti hann vill fá í staðinn. Og hvort hjálpin sé í raun gagnleg þegar öllu er á botninn hvolft. Staðreyndin er sú að *hjálpsemin* og *afskiptasemin* eru náfrænkur.

Hjálparstarf er of blinduð af forsendum og fordómum þess sem leggur slíkt erfiði á sig að hún kemur ekki að gagni nema að litlu leyti. Og þeir sem taka við hjálpinni gera það oft af gæsku við þann sem lætur hana í té fremur en gagnsemi hjálparinnar sjálfra. Sagan af starfi Schrader á Akureyri þegar Ísland var fátækasta land V-Evrópu gæti þess vegna sýnt í hnotskurn af hverju hjálparstarf með vanþróaðra þjóða kemur oft fyrir lítið.

Heimsmaður á Íslandi

Schrader er svo lýst að hann hafi verið stór, frekar feitlaginn maður, a.m.k. á efri árum, og nokkuð stórskorinn í andliti. Hann var eins og nafnið gefur til kynna af þýskum ættum en hafði starfað á verðbréfamarkaðinum á Wall Street í 35 ár áður en hann kom hingað. Að sögn hafði hann gefið hús sitt og innanstokksmuni til fátækra og ánafnað mestum hluta fjármuna sinna til sérstaks félags sem hann stofnaði í Bandaríkjunum sem bar nafnið Society for Improving the Condition of the Poor og verið félagi í fjölda góðgerðafélaga þar í landi. Af skrám bandarískra bókasafna að dæma var Schrader fæddur árið 1858. Hann hafði dvalist á Falmouth á Englandi áður en hann kom til Akureyrar, en þar gaf hann út bók árið 1911 um almenningskóla og áritaði eitt eintak í febrúar 1912. Ljóst er af formála bókarinnar *Hestar og reiðmenn á Íslandi* að hann hafði áður komið til Íslands og líklega ferðast um landið, a.m.k. hafði hann komið til Reykjavíkur auk Akureyrar. Hann virðist því hafa komið að könnuðu landi og með þeim ásetningi að dveljast langdvölum þegar hann kom til Akureyrar vorið 1912.

Hann dvaldist á Hótel Akureyri þann tíma er hann var í höfuðstað Norðlendinga og virtist aldrei skorta fé. Hótel Akureyri var stórt og glæst timburhús með tveimur turnum, reist árið 1901, og talið eitt besta hótél á landinu í þann tíma þó víðar væri leitað. Hótelhaldarinn, Vigfús „vert“ Sigfússon, var með verslunarpróf frá Kaupmannahöfn, talaði helstu tungumál Evrópu reiprennandi. Hann átti tvær dætur sem gengu um beina og þóttu með fallegustu stúlkum bæjarins. Þannig hafði staðurinn allt til að bera sem prýða mátti hótél á evrópskum mælikvarða sem er t.d. vel lýst í ferðaminingum barónessu von Grumbkow. Hér hreiðraði Schrader um sig í hartnær þrjú ár með öllum þægindum sem heldra fólk í Evrópu kröfu um í þá daga. Hann leigði sér tvö stór herbergi með gluggum í bæði suður og austur og lét bera sér mat og drykk í íbúð sína þegar honum hentaði. Ennfremur gerði Schrader kröfu til þess að Vigfús vert hefði kampavín til reiðu ef honum langaði að veita gestum sínum.

Á þessum tíma var viðskiptaumhverfið á Íslandi algerlega opið fyrir erlendum viðskiptum og fjárfestingum. Akureyri var þá í beinu siglingasambandi við útlönd og litlu meira mál fyrir bæjarbúa að skreppa til Englands en til Reykjavíkur. Stór hluti bæjarbúa bar dönsk eða þýsk ættarnöfn og hafði komið til Akureyrar til þess að versla, brugga öl, baka brauð, búa til lyf eða smíða úr gulli. Hinn alþjóðlegi andi Akureyrar sést einnig af því að margir útlendingar, sem hingað komu í ýmsum erindagjörðum, dvöldust á Hótel Akureyri ásamt Schrader.

Samt var það skoðun Schraders að erlendar nýjungar væru ótrúlega seinar að ryðja sér hér til rúms og að landsmenn litu um of til Kaupmannahafnar í flestum eignum. Í viðauka um búnaðar- og kaupsýslumál sem Schrader lætur fylgja með bók sinni um hesta og reiðmenn kemur fram að hann reynt að beita samböndum sínum erlendis, einkum í Bandaríkjunum, til þess að koma Akureyringum í ný verslunarsambönd og kaupa nýt tæki til landsins. Hann til að mynda pantar vélaklippur til þess að rýja sauðfé og lætur selja á Akureyri. Hann reynir að athuga hvort hægt sé að selja saltað sauðaket og æðardún í Bandaríkjunum, svo eitthvað sé nefnt. En samt virðist koma lítið úr þessum tilraunum. Aðstoð Schraders við Akureyrsku kaupahéðna virðist fyrst og fremst felast í lítilli bók sem kom út stuttu eftir komu hans og bar nafnið: *Heilræði fyrir unga menn í verzlun og viðskiftum*. En í þeirri bók speglast að nokkru lífsskoðun hans sjálfs.

Heilræði fyrir unga menn

Schrader virðist hafa gefið út ofangreinda bók snemma árs 1913, en hún var kynnt í fréttablaðinu Norðurlandi 22. mars. Þar er bókin auglýst með þeim hætti að Schrader sé „vestheimskur auðmaður og mannvínur” sem hafi orðið auðugur sinn af eigin rammleik. Ennfremur er sagt í fréttinni að hann hafi rekið stórverslun í New York hafi brotist til bjargálna af eigin rammleik og lumi á mörgum góðum ráðum til þeirra sem vilji endurtaka þann leik. Þá er það gefið upp að Schrader hafi nú „forstjóra fyrir verzlun sinni, en er hættur sjálfur að taka þátt í rekstri hennar og ver lífi sínu eingöngu í þarfir mannúaðar og til hjálpar lítilmagna einstaklingum, bæði meðal manna og málleysingja,...” Loks er klykkt út með því að bókin kosti 10 aura og að allur ágóði af sölu renni til spítalans á Akureyri. Það er þó á huldu í hve stóru upplagi bókin kom út á sínum tíma eða hvaða viðtökur hún fékk. Formáli bókarinnar er dagsettur nokkru fyrr, eða 10. október 1910, sem bendir til þess að hún hafi verið í farteski Schraders er hann kom hingað út. Enda er ekki stafur í téðu riti sem vísar beint til Íslands. Ef til vill

hafði Schrader gefið hana út í Bandaríkjunum árið 1910 og formálinn verið skrifaður af því tilefni. Schrader virðist reyndar hafa hafist handa við að skrifa og gefa út bækur um hin aðskiljanlegustu málefni eftir 1908 á bæði þýsku og ensku. En hingað til hefur leit á bandarískum bókasöfnum ekki skilað erlendri útgáfu á heilræðum hans. Svo virðist því sem þau hafi aðeins komið út á íslensku þótt þau hafi verið rituð með unga menn alls staðar í heiminum í huga.

Heilræðin Schraders eru sett saman eins og orðskviðir, í stuttum, meitluðum málsgreinum, sem hver gæti staðið ein og sér á blaði. Schrader kemur víða við og margt sem þar ber fyrir augu er líklega gamalkunnugt stef fyrir flesta sem hafa lagt stund á viðskiptafræði, og skiptir jafnmiklu máli nú og fyrir tæpri öld síðan. Í viðskiptum er hugarfarið lykill að árangri. Ungt fólk á að hyggja að framtíðinni og reyna að komast í fremstu röð í öllu sem það tekur sér fyrir hendur. “Fáir eru smiðir í fyrsta sinni,“ segir Schrader. „Segðu aldrei: ég get ekki, segðu heldur: ég skal reyna, því þú getur aldrei sagt hvað þú ert fær um að gjöra fyr en þú reynir. ... Ef þú hefur hugmyndaflug og framkvæmdahæfileika þá muntu komast áfram.” Hér má reyndar þekkja hina miklu bjartsýni og kappsemi sem stundum hefur verið kennd við ameríska drauminn. Það er sú trú að allir geti komist áfram af eigin verðleikum ef þeir leggja sig fram í starfi sínu. Schrader vill sýna ungu fólki hvernig það geti grætt fé í viðskiptum. En í eftirmála varar hann þó samt við því „að gjörast þrælur peninganna”. Að hans áliti eru peningar aðeins „meðal til þess að ná árangri”. Takmarkið eigi að vera „áhyggjulaust líf”.

Þrátt fyrir þá miklu einstaklingshyggju sem skín af skrifum Schraders – máltækið *hver er sinnar hamingju smiður* er yfirskriftin á lokakafli bókarinnar – verður þess ekki vart að hann hafi verið markaðssinni með þeim skilningi sem nú er lagður í orðið. Í viðauka um búnaðar- og kaupskýslumál, sem áður er nefndur, kemur t.d. fram mikil ánægja með fyrstu spor Kaupfélags Eyfirðinga og SÍS sem hann varð vitni að á Akureyri. Honum finnst kaupmennirnir vera alltof margir á Akureyri og vill ná stærðarhagræði með fækkun verslana og stækkun. Ennfremur virðast honum hugnast vel aðgerðir íslenskra stjórnvalda í upphafi fyrra stríðs að taka verslunina í sínar eigin hendur. Í þessu efni var Schrader að vísu ekki ólíkur mörgum Bandarískum iðnjöfnum, s.s. John Rockefeller eða Henry Ford, sem trúðu skipulag og stjórnun sterkra einstaklinga fremur en sjálfræði markaðsaflanna, en það er önnur saga. Hins vegar er nú nauðsyn að kynna til sögunnar Íslending sem varð þess valdandi að

hjálpsemi Schraders fann sér raunverulegan farveg á Akureyri og var helsti hvatamaður þess að Akureyringar virtu hjálpsemi hans.

Héraðslæknirinn og hans frú

Þegar Schrader kom til Akureyrar var Steingrímur Matthíasarson (f. 1876) héraðslæknir á Akureyri. Steingrímur var rómaður fyrir læknisstörf sín og þótti með afbrigðum kvikur og vinnusamur. Steingrímur var vakandi fyrir nýjungum í sinni grein enda mikill málamaður og hafði gott vald á ensku, frönsku, norsku, dönsku og þýsku. Hann var einna fyrstur til þess að gera keisaraskurð héraðslæknis og ritaði einnig margar greinar um heilsufræði í íslensk blöð. Þeir Schrader virðast fljótt hafa orðið vinir og Steingrímur var honum til aðstoðar í öllum þeim málum sem hann bar fyrir brjósti meðan hann dvaldist héraðslæknir. Steingrímur þýddi m.a. *Heilræði fyrir unga menn í verzlun og viðskiftum* sem að ofan er getið, og gerði það með stakri þryði. Heilræðin eru gagnrýnt en samt er yfir þeim léttleiki og lipurð sem einkennir aðeins þá penna sem er mjög lagið að koma hugsunum sínum á blað. Steingrímur átti heldur ekki langt að sækja ritleiknina en faðir hans var Matthías Jochumsson þjóðskáld. Schrader varð í raun heimilisvinur hjá báðum læknishjónunum en hann virðist einnig hafa sótt félagsskap til læknisfrúarinnar Kristínu Þórðardóttur Thoroddsen (f. 1885). Kristín var mikil heimskona og málamanneskja líkt og maður hennar. Hún var t.d. fyrsta konan í Eyjafirði til þess að láta klippa á sig drengjakoll. Kristín var systir Emils Thoroddsens tónskálds og mjög tónelsk. Hún lék á píanó en Schrader á selló og þau hittust reglulega til þess að spila saman. Hins vegar eru heimildir fyrir því að Kristín hafi ekki verið eina konan á Akureyri sem Schrader bauð til þess að spila með sér. Hulda Stefánsdóttir – þá rétt innan við tvítugt – skýrir frá því í æviminningum sínum að Schrader hafi stundum sent henni orð um að koma og spila með sér. Hún segir að vísu sjá eftir því hve sjaldan hún varð við bón hans, en „feimnin gerði mér svo oft grikk“ bætir Hulda við.

Kunningsskapur Schraders við læknishjónin varð síðan lykillinn að því að Schrader gæti látið til sín taka í Akureyrsku samfélagi, en flest af því sem hann gjörði þar nyrðra var með hjálp annar hvors þeirra. Þar með talið þær byggingaframkvæmdir sem Schrader réðst í á Akureyri og hafa helst haldið minningu hans á lofti þar nyrðra.

Caroline Rest

Í byrjun tuttugustu aldar var hesturinn enn þarfasti þjónn landsmanna og bændur sóttu ríðandi til Akureyrar úr næstu héruðum. Hestarnir höfðu hvorki fóður né skjól í bænum á meðan á útréttingum stóð og Schrader rann til rifja að sjá skepnurnar norpa í norðangarranum. Hann réðst þess vegna í að reisa hestahótel á Akureyri þar sem rúm var fyrir 130 hross á stalli og 30 gistirými. Steingrímur læknir virðist hafa staðið þétt að baki Schraders í þessu máli en nokkrum fortölum og bréfaskriftum þurfti að beita bæjarstjórn Akureyrar áður lóð fékkst fyrir bygginguna. Schrader nefndi húsið eftir móður sinni og kallaði það Caroline Rest. Öllum sem komu til Akureyrar var frjálst að geyma hesta þar á daginn án borgunar, en næturgisting fyrir bæði hesta og menn var hóflega verðlögð. Opnun hesthússins var kynnt með grein sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili ritar í Norðurland í janúar 1914. Þar er byggingin kynnt sem: „Hesthús fyrir almenning og samkomustaður fyrir bændur” Í fréttinni segir að byggingarlag hús sé nýjung og ætlað að vera fyrirmynd fyrir eyfirska bændur. Fólst nýjungin í því að safna öllu því sem hrossin skiluðu af sér með sérstakri rennu í steypa „áburðargryfju” áfasta við húsið. Þetta varð til þess að „vætan” rann ekki til spillis heldur safnast fyrir með taðinu í áðurgreindri gryfju. Akureyringum þótti heilmikið til um þetta en á þeim tíma þegar tilbúin áburður var ekki til staðar þótti það mikill kostur að keytan fylgdi með skítum og er það sögn gamalla manna að oft hafi legið við handalögmálum þegar mokað var upp út „áburðargryfjunni” hjá Caroline Rest og innihaldið selt hæstbjóðanda.

Í fréttinni segir einnig að Caroline Rest eigi að vera „hjeraðssamkomustaður” og að Steinrímur læknir og Sigurður dýralæknir Einarsson ætli að „halda fyrirlestra á þessum samkomustað við og við á kvöldin um heilsufræði og um varnir við sjúkdómum manna og dýra og varnir gegn þeim;...” Erfitt er geta sér þess til með fullri vissu hversu öflugt samkomuhald var til staðar í Caroline Rest en víst er að þar starfaði matreiðsluskóli fyrsta árið með tilstyrk Schraders og undir forystu fröken Jóninnu Sigurðardóttur. Þar var ungum stúlkum „allskonar tilbúning og drýgindi matar” auk ýmissa annarra kvenlegra dyggða. Flest bendir til þess að kennslan hafi gengið vel og til þess að votta það að matreiðsluskólinn stæði undir nafni fékk Schrader læknisfrúna Kristínu Thoroddsen ásamt tveimur öðrum mektarfrúm og snæða í Caroline Rest hjá nemendum Jóninnu þann 21. apríl 1914. Þær kvitta síðan fyrir í stuttri tilkynningu í Fréttablaðinu Norðurlandi og að þeirra sögn var „maturinn bæði bragðgóður og snyrtilega framreiddur.” Síðar styrkti Schrader fröken Jóninnu til

Þess að gefa út sína eigin matreiðslubók sem kom út árið 1915 og varð mjög vinsæl um land allt.

Gisting á Caroline Rest varð fljótt vinsæl og skilaði góðum arði sem rann óskiptur til spítalans á Akureyri. Schrader virðist með raun og réttu hafa verið frumkvöðull í stofnun góðgerðafyrirtækja (e. non-profit organization) sem svo algeng eru í Bandaríkjunum en voru nýjung á Íslandi. Hann gaf síðan Akureyrarbæ Caroline Rest áður en hann yfirgaf landið, ásamt digrum sjóði, en skipaði stjórn undir forsæti Steingríms lækni til þess að sjá um reksturinn. Rekstrargrundvöllur staðarins brast þegar bílar urðu þörfustu þjónar landsmanna um og eftir stríð. Hótelið var lagt niður 1947 og húsið rífið árið 1979.

Um hesta og reiðmenn

Stærsta verkefni Schraders á Akureyri – hvað varðaði hans eigin tíma og erfiði – var þó bókin *Hestar og reiðmenn á Íslandi* sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili þýddi og kom út árið 1915. Flest bendir til þess að Schrader hafi ávallt haft mikinn áhuga hestamennsku og átt hesta í Bandaríkjunum. Ennfremur virðist honum hafa þótt þó nokkuð til um íslenska hestinn. „Og það mun óhætt að segja að segja að, að það bezta, sem Ísland hafi að bjóða, séu hestarnir.“ segir í upphafskafli bókarinnar. Aftur á móti er hrifningin er mun minni á reiðmönnunum sem einnig kemur fram í upphafskafli bókarinnar. Þar segir: „Það er líklega engir reiðmenn, sem útlendingum verður eins starsýnt á eins og Íslendingar. Þeir eru svo stórir í samanburði við hestana, mismunandi klæddir, hafa mismunandi, oft skringilegt og ófagurt reiðlag...“ Sú hugsun læðist reyndar að við lestur bókarinnar Schrader hafi fyrst og fremst komið hingað til lands til þess að hjálpa íslenskum hrossum. Og þá að hjálpin við mannfólkið var því fyrst miðuð að því að koma hestunum til góða. Í formála segir: „Aðalmarkmiðið, sem eg er að reyna að ná, er að bæta kjör hinna ágætu hesta á Íslandi, til þess að þeir nái þeim réttindum til góðrar hirðingar og meðferðar, sem mannúðin heimtar að sé látin þeim í té.“

Ljóst er við lestur bókarinnar að Schrader hefur lagt mikla alúð við verkið. Hann er sá fyrsti sem fjallar um íslenska hestinn á skipulegan og fræðilegan hátt, sérstaklega hvað varðar hirðingu. Umfjöllun bókarinnar um fóðurþörf, fóðurtegundir, hófhirðu, hýsingu og svo framvegis er mjög vönduð og studd með nákvæmum teikningum og lýsingum. Allt þetta stendur enn þann dag í dag. Miklu rými er varið að lýsa slæmi hirðu – eða öllu heldur hirðuleysi – landsmanna gagnvart sínum þarfasta þjóni. Um

Þetta tilfærir hann hvert dæmið á fætur öðru. Það fer t.d. alveg ósegjanlega í taugarnar á þýskum nákvæmnismanni að sjá Íslendinga mæla fóður í föngum en ekki á vig. („Skepnurnar fá oft fóður sitt eða illa útlátið, eftir því hvað sá er handleggjalangur til, sem gefur.”) Schrader skilur ekki heldur af hverju bændurnir kempa ekki hestum né tala við þá af vinsemd. („Fyrir utan að hotta á þá, eiga Íslendingar engin upplífandi vinsemdarorð handa hestum sínum; og alt að því eins nízkir eru þeir á að strjúka þá eða klappa þeim með vinsemd.”) Þá særir það sjónvitund hans að sjá menn reiða blóðuga lambahausa og annað á klárum sínum. („Í sláurtíðinni á haustin má oft sjá menn ríða hestum, sem eru blóðugir um herðar, brjóst og fætur af kindablóði, og er mjög viðbjóðslegt að sjá það á ljósleitum hestum.”) Þannig tínir hann til hvert dæmið á fætur öðru í téðri bók. Niðurstaðan er síðan sú í öllum greinum að Íslendingar kunni ekki að fara með þessa „ágætu” hesta sem forsjónin hefur trúað þeim fyrir. Að vísu þótti honum dálítið til um reiðlag íslenskra kvenna, sem sátu í söðlum og reiddu oflega börnin sín með sér en það hafði hann ekki séð annars staðar. Þótti honum íslenski hesturinn þannig sýna undraverða ábyrgðarkennd undir konum og börnum, en þó einkum og sér í lagi undir drukknum mönnum. Er hann líklega hvorki sá fyrsti né síðast sem undrast þolgæði íslenskra klára þegar Bakkus gerist meðreiðarsveinn Íslendinga, en það er önnur saga.

Í bók Schraders birtist sama stefið með reglulegu millibili hvernig hann hafði reynt að leiðbeina eyfirskum bændum en þeir neitað að breyta sínum venjum. Hefur hann um þetta mörg orð og fæst sérstaklega vinsamleg. Þegar litið er til baka er ljóst að Schrader hafði lög að mæla í mörgum greinum og margar af hans ráðleggingum, s.s. varðar beislisbúnað, hófahirðu og svo framvegis, hafa seint og síðir verið teknar upp á Íslandi. Hins vegar er einnig ljóst að hroki Schraders sjálfs var síst minni gagnvart innlendum venjum en það sem landsmenn bjuggu yfir gagnvart erlendum nýjungum. Hér nægir að nefna að Schrader amaðist við þeim aðalsmerkjum íslenska hestsins að geta tölt og skeiðað. Eða eins og hann segir í formála að bókinni sinni um íslenska hesta og hestamennsku. „Því miður er margir hestar vakrir og tölta, og kjósa margir þá heldur, og er þó það ganglag ljótt og hæfir aðeins lélegum og kveifarlegum reiðmönnum.”

Ennfremur finnst honum ómannúðlegt að þína hestinn til þess að vera reistan til þess eins að ganga í augum á öðrum. Þessa iðju hafa landsmenn viðhaft og hver sá sem mætir á íslensk hestamannamót sér þar reista gæðinga tölta og skeiða í hreinni andstöðu við ráðleggingar Schraders. En ekki aðeins það. Samlandar Schraders koma

nú til Íslands til þess að læra íslenska reiðmennsku til þess að fá íslensk hross til þess að tölta og skeiða. Í annan stað vildi Schrader láta flytja inn erlenda stóðhesta til þess að auka hæð íslenska stofnsins – samhliða því að fá hann af því að tölta – og þannig gjöra hann líkari erlendum brúkunarklárum. Sem betur fer hafa Íslendingar aldrei tekið þeim ráðum og breytt hestakyni sínu í lélega eftirlíkingu af erlendum stofnum, enda eru vinsældir íslenska hestsins erlendis byggðar á því að hann er kynhreinn og sérstakur. Þannig var Schrader skarpskyggn en á sama tíma blindur í málefnum íslenska hestsins.

Miskunnsami samverjinn

Af öllu því sem vitað er um starf Schraders á Akureyri má dæma að hann hafi haft einlægán vilja til þess að láta gott af sér leiða og hafi hvorki sparað tíma sinn né fjármuni í því skyni. Hann var sérstaklega þekktur fyrir að víkja góðu að börnum og sagt er að hann hafi gefið umtalsverðar fjárhæðir til styrktar fátækum börnum á Akureyri. Einnig er sögn að Schrader hafi ráðið atvinnulausa barnamenn í vinnu til þess að sinna ýmsum viðvikum fyrir sig vegna þess að hann óttaðist að fjölskyldur þeirra liðu skort. Schrader virðist hafa lagt töluvert á sig til þess að gleðja börnin með ýmsum hætti. Hulda Stefánsdóttir segir frá því í ævisögu sinni að hann oft fengið lánaða hesta til þess að leyfa þeim að fara á bak. Ennfremur hélt hann jólatrésskemmtanir og bauð fjölda barna. Hann keypti stórt jólatré, sem var alsett kertaljósum og lét hlaða á það skrauti og sælgætispokum. Voru þetta fyrstu jólatrésskemmtanir sem haldnar voru á Akureyri og höfðu almúgabörn þar nyrðra aldrei séð slíka dýrð áður nema innum um glugganna hjá einstaka efnafólki. Schrader lét líka útbúa sleða með sætum og lét ekil keyra með sig um götur bæjarins eða eftir ísilögðum pollinum. Börnin hópuðust á eftir sleðanum en Schrader henti karamellum og sælgæti til þeirra sem þau síðan tíndu upp eins og „ber af lyngi og réð sér ekki fyrir kæti“ að sögn Huldu. Hún bæti því síðan við að „einna glaðastur var veitandinn, þessi einmana maður, sem öllum var ókunnur“. 1

Schrader reynir ennfremur að fá börnin til þess að hætta ýmsu sem hann telur ósiði. Hann amast mikið við þeim sið á slá köttinn úr tunnunni sem viðhafður er á öskudögum á Akureyri og segist „aldrei hafa séð neitt ógeðslegra en þenna æsta barnahóp, 5-14 ára að aldri, hamast með prikum, bareflum, lurkum og sverðum að því að lemja á hrafni með ókvalráðri ánægju; þau voru búin eins og villimenn með grímur, máluð í andliti og með skrípalega pappírshjalma á höfðum,“ Schrader reynir

að fá börnin til þess að hætta þessari villimennsku með því að þeim hornabolta, „þjóðleik Ameríkumanna“, ásamt fleiri erlendum leikjum en það gekk ekki eftir. „Það átti ekki við þau; þau voru svo dauflynd“ bætir hann við í bók sinni um hesta og reiðmenn.

Svo sýnist sem Schrader hafi litið á veru sína hér sem mikla fórn af sinni hálfu. Hann virðist ekki hafa komið hingað til lands vegna þess að hann hafi tekið sérstöku ástfóstri við íslensku þjóðina. Hann hrósar að vísu sumu, en yfir það heila tekið virðist landsmenn fara í taugarnar á honum. Þeir virðast ekki vera sá félagsskapur sem hann kysi að fyrsta kosti – a.m.k. ef marka má skrif hans sjálfs – þótt hann sé allur að vilja gerður til þess að hjálpa þeim. En samt sem áður virðist hann gera geipimiklar kröfur um viðurkenningu þessa forpokaða fólks, sem honum finnst að þurfi svo mikið á honum að halda. Öll hans hjálpsemi virðist raunar vera sem ákall um viðurkenningu eða leit eftir fullvissu um að hann hafi raunverulega náð árangri með erfiði sínu. Þessi þrá Schraders bergmálar í bók hans um hesta og reiðmenn og heyrir einni sterkt í þeim fréttatilkynningum sem Steingrímur skrifar fyrir hann í Akureyrsk blöð. Og svo þegar landsmenn taka honum aðeins sem góðviljuðum sérvitringi sem hæfilega mikið mark er takandi á, tekur hann það geipilega óstinnt upp.

Þetta sést vel af sögu sem Steingrímur læknir tilfærir í eftirmælum um Schrader ásamt hvatningu til bænda að bók hans um hesta og reiðmenn, sem birtist í Íslendingi 14. apríl 1916. Steingrímur segir að Schrader hafi oft þurft að „dýrka menn til þess leyfa að taka myndir af sjer.“ Eitt sinn hafi hann gengið að lestarfólki sem var koma í kaupstað og hafði stansað úti við kaupfélagið á Akureyri. Schrader bað um að fá að taka mynd af fólkinu hestbaki og miðað við ljósmyndataknina á þeim tíma, krafðist það töluverðar þolinmæði af ferðafólkinu. Kvenfólkinu í hópnum leist ekki svo illa á þessa hugmynd en karlmennirnir „nentu ekki eða þóttust ekki mega eyða tíma í þann óþarfa og servisku.“ Schrader lætur þá ljósmyndara sinn þýða eftirfarandi setningu frá sér fyrir fólkið: „Jeg eyði öllum mínum tíma hjer í ykkar þarfir en þið viljið ekki gera mjer augnabliksgreiða á móti.“ Þá lét fólkið loksins til leiðast.

Samt sem áður virðist Schrader ekki færa mikla þeninga hingað til lands. Að vísu var bygging Caroline Rest töluvert fyrirtæki, en þó hjóm eitt miðað við þá fjármuni sem hann virðist hafa varið til fátækraaðstoðar í Bandaríkjunum. Hjálpsemi hans við Íslendinga fólst fyrst og fremst í því að búa á meðal þeirra. En sú spurning vakir samt af hverju hann kaus að skrá sig inn á hótél Akureyri vorið 1912 og dvelja þar til

dauðadags fjarri vinum og fjölskyldu. Vísbendingar um svarið má ef til finna í tildrögum þess að hann fyrirfór sér haustið 1015.

Um endalok Schraders

Haustið 1915 gaf Schrader til kynna að hann vildi halda aftur til Þýskalands. Steingrímur læknir útvegaði honum far með síldarbátnum Helga magra sem var á leið á síldveiðar við Noregstrendur, en aðrar siglingar lágu niðri vegna stríðsins. Skipstjóri Helga magra, Stefán Jónsson frá Knarrarbergi, segir í endurminningum sínum að þá hafi honum virst Schrader vera „mjög aldraður orðinn“. Hann hafi einnig verið sjúkur „og svo farlama að hjálpa varð honum upp og niður stiga“. Ef fæðingarár Schraders er rétt fært í bandarískum skráum (1858) hefur hann þó aðeins verið 57 ára og þess vegna fjarri því að vera gamalmenni ef miðað er við aldur. Allt bendir því til þess að hann hafi verið farinn að þjást af einhvers konar hrömunarsjúkdómi sem hafi rænt heilsu hans og fjörvi. Þegar kom að brottför gerði Schrader sér ferð til Kristínar, konu Steingríms læknis, og skildi þar eftir sellóið sitt sem hann hafði svo oft leikið á við undirspil hennar, en hélt síðan til skips. Hljóðfærið var lúíð og gamalt og alls ekki jafn ríkmannlegt eins og búast hefði mátt við. Það hafði greinilega fylgt Schrader um mjög langa hríð, ef til vill frá tíma er hann var enn fátækur, en nú vildi hann skilja við það. Var þetta fyrirboði þess sem á eftir fór.

Að kvöldi annars dags eftir að siglingin hófst lét Schrader bera sig upp á þilfar og sat þar alla nóttina í austan andvara og tunglskini. Þegar kom undir morgun bað hann um að allur hans farangur yrði sóttur, lét síðan henda skjölum sínum í sjóinn og skipti öllum peningum sínum á milli áhafnarinnar. Eftir það lét hann bera sig niður í koju og skrifaði þar stutt bréf til vinar síns, Steingríms læknis. Hvað gerðist næstu nótt er óljóst. Stefán skipstjóri segir að hann hafi verið vakinn um nóttina og sagt að Schrader væri horfinn. Af ummerkjum sást að Schrader hafði risið á fætur og hlaðið skammbyssu er hann átti. Síðan hafði hann með einhverjum hætti dregist upp á dekk án þess að nokkur yrði hans var, en skipverjar höfðu vaknað við byssuhvell. Þegar þeir komu á vettvang var Schrader horfinn í öldur Atlantshafsins.

Eftir komuna til Noregs var gerð nákvæm réttarrannsókn og allir skipverjar á Helga magra voru yfirheyrðir, hver í sínu lagi. Framburður þeirra allra var samhljóða og voru þeir hreinsaðir af allri sök af hvarfi mannsins. Þeir voru meðal annars spurðir að því hvort Schrader hefði með einhverjum hætti getað bjargast í land, t.d. á fleka, en svo virtist sem hann hafi verið líftryggður fyrir geipilega háa fjárhæð í

Bandaríkjunum. Hvort líftryggingin hafi haft einhver áhrif á gerðir Schraders þarna á miðju Atlantshafi veit enginn nú.

Eftirmælin um Schrader

Steingrímur skýrði frá láti Schraders í Íslendingi í apríl 1916, sem áður getið. Þar segir hann að Schrader hafi fallið útbyrðis og druknað. Steingrímur birti einnig síðustu kveðju hans, bréfið sem til hans var stílað. Með því fylgdi 50 króna seðill sem Schrader vildi nota til þess að stofna sjómannaþjóf til styrktar ekkjum og börnum druknaðra sjómanna. (50 krónur hlutu að vísu að hrökkva skammt til þeirra verkefna, en til samanburðar hafði fröken Jóninna fengið 500 krónur til styrktar bókaútgáfu sinni.) Steingrímur segir að bréfið frá Schrader hafa verið harla torlæst „enda hafði verið mikill sjógangur og rugg mikið er hann skrifaði það.” Steingrímur segist enn fremur hafa hitt systur hans í Þýskalandi og hún sagð að hann hafi verið „milljóna eigandi” hefði verið löngu síðan verið búinn að gefa allar eigur sínar eða ráðstafa þeim eftir sinn dag til hjálpar fátækum. Loks endar Steingrímur kveðjuna með því að hvetja eyfirska bændur til þess að kaupa bók Schraders um hesta og reiðmenn. „Mjer – sem kynntist honum betur en flestir aðrir – er kunnugt um hve mikið áhugamál honum var að ritið seldist.” Og telur síðan upp hversu mikið erfiði Schrader hafi lagt á sig til þess að bókin yrði til. Svo klykkir læknirinn út með setningu sem er um margt lýsandi:

Munið eftir því, eyfirskir bændur, að þjer eigið ennþá kost á að gleðja gamla Schrader, sýna honum þakklætisvott ykkar fyrir ómak hans ykkar vegna, með því að kaupa bókina hans.

Þessi lokasetning í síðustu fréttinni sem rituð var um Schrader í íslensku dagblaði er dálítið athyglisverð. Steingrímur reynir að höfða til samúðar bændanna til þess að þeir veiti þjóðverjanum hjálpsama viðurkenningu að látnum með því að kaupa bók hans vegna þess að hann er þess viss hve mikils virði slíkt hefði fyrir hann í lifanda lífi.

Annars átti það ekki eftir hinum heimsvönu læknishjónum að liggja að flendast á Íslandi. Kristín Thoroddsen skildi við mann sinn og hélt út til Indlands árið 1932, en hún hafði mikinn áhuga á guðspeki. Þaðan fór hún til Englands tveimur árum síðar og var þar þegar seinni heimsstyrjöldin braust út. Hún gerðist þá hjúkrunarkona í liði bandamanna og starfaði á vegum hersins í New York og var einnig fréttaritari Morgunblaðsins þar vestra. Eftir stríðið dvaldist hún síðan til skiptis á Íslandi og

Englandi, allt til dauðadags árið 1959. Dug Kristínar má marka af því að þegar til stóð að vísa henni, ásamt öðrum útlendingum, úr landi í upphafi stríðsins í Bretlandi þá reit hún persónulegt bréf til Winstons Churchills – sem hann svaraði sjálfur – og fékk dvöl sína framlengda. Steingrímur Matthíasson hóf aftur á móti nýtt líf árið 1936 sem læknir í Nexö á Borgundarhólmi. Hann gaf út bók um þessa reynslu sína sem ber heitið Annað líf í þessu lífi sem kom út árið 1947, auk nokkurra annarra bóka. Hann dvaldist á Borgundarhólmi allt þar til hann veiktist af krabbameini, kom hingað fársjúkur árið 1948 og lést skömmu síðar.

Tilgátur og hugarflug

Nú er vitaskuld fennt í spor flestra er kynntust Schrader á Akureyri fyrir rúmum 90 árum síðan. En ef þeim brotum sem enn er hægt að finna er safnað saman má raða saman nokkrum skemmtilegum tilgátum. Í fyrsta lagi bendir allt til þess að veikindi þjóðverjans hjálpsama hafi verið megin ástæða þess að hann ákvað að dvelja á Íslandi síðustu æviár sín. Akureyringum fannst hann beygður maður er hann kom til þeirra árið 1912 og þess vegna spruttu sögummar um að hann hefði orðið fyrir einhverju skipbroti í lífinu, svo sem ástarsorg. Skipbrotið virðist hins vegar hafa falist í hrömunarsjúkdómi, sem örugglega hefur farið að gera vart við sig mun fyrir en hásetarnir þrír báru hann niður í skipstjórakojuna á Helga magra. Skipstjóri bátsins segir einnig í æviminningum sínum að hann virtist sem téður Schrader hafi einnig verið farin að missa andlega heilsu sína við brottför sína frá Akureyri. Sjúkdómurinn gæti hafa verið Parkison, einhver annar taugasjúkdómur eða jafnvel sárasótt (syflis) sem var hinn ólæknandi menningarsjúkdómur þess tíma og hafði mjög svipuð lokaekenni og skipstjórinn á Helga magra lýsir í ævisögu sinni. Hver sem sjúkdómurinn var bendir margt til þess að Schrader hafi ekki viljað láta sína nánustu sjá sig ganga með hann til loka. Af þeim rötum gæti sú ákvörðun hans verið sprottin að dvelja í einu fjarlægasta horni Evrópu allt þar til sjúkdómurinn hafði náð svo alvarlegu stigi að hann var vart sjálfbjarga, að fremja þá sjálfsmorð. Líklega hefur hann einnig viljað vera þar sem hann áleit að hann gæti komið að gagni og ef til vill hefur það kitlað hann að verða sá fyrsti til þess að gera íslenska hestinum skil með skipulegum hætti. En hvað um það. Ganga Schraders um Akureyri var því í raun bið eftir dauðanum sem hann hefur oft eytt í ótta og angist, og einhverri sjálfsvorkunn sem eðlilegt má teljast. Það er ef til vill rót þess að honum hafi vantað viðurkenningu

eða fullvissu um að hann hefði skilið eitthvað eftir sig áður en hann yrði allur. Slíkt hendir oft fólk sem beit að það mun brátt burtkallað.

Líklega hafa læknishjónin verið ein fáum – ef ekki þau einu – hérlendis sem vissu af veikindum Schraders og við hvað hann átti að stríða. Og þess vegna var þeim mjög umhugað um að fengi það sem hann þráði allra mest, að sjá hjálparverk sín hljóta framgang og viðurkenningu. En á því virtist standa meðal landsmanna. Þetta fær Schrader til þess að draga eftirfarandi lokaályktun í sinni *um hesta og reiðmenn*:

Ísland er auðugt land, en landsbúar vilja ekki eða geta ekki hirt auð þess, sumpart af strangri fastheldni við gamlar venjur, sumpart af fáfræði, sumpart af leti og metnaðarleysi, og sömuleiðis af frámunalegum skorti á áhuga á að kynna fræðandi bókum um búnað og kvikfjárrækt. Íslendingar lesa fremur sögur sínar og skáldskap og stunda sögu þjóðarinnar.

Þessi ályktun var líklega réttmæt að miklu leyti við aldamótin 1900 á Íslandi, enda voru Íslendingar fátæk og vanþróuð þjóð að flestra dómi árið 1912. Samt sem áður fól hjálparstarf Schraders í sér mikla þversögn, sem einkennir líklega alltaf starf af slíku tagi. Schrader vissi betur en Íslendingar um fjöldamörg atriði eru lúta að verklegum framförum hérlendis. Hann var heimsmaður og hafði starfað í háborg viðskiptanna í New York. En á sama tíma er hann haldin mikilli blindu og fordómum á íslenskum venjum og aðstæðum sem er í raun verri en afneitun Íslendinga á erlendum nýjungum. Og það kom ekki aðeins í veg fyrir að hjálparstarf hans skilaði tilætluðum árangri, heldur einnig hefðu landsmenn tapað á því til lengri tíma að fara eftir ráðum hans. Því ráð Þjóðverjans hjálpsama féllu mörg af því að eyða sérkennum landsmanna. Þetta sést best á ráðleggingum hans um íslenska hestinn. Schrader veit allt um meðferð og hirðingu hrossa og þykist betri reiðmaður en Íslendingar. En hann skilur ekki tengsl Íslendinga við hesta sína. Hann skilur ekki að Íslendingar hafa þróað sína eigin reiðmennsku á litlum og liprum klárum sem bæði tölta og skeiða. Það á líka eftir að verða tromp á þeirri hendi nokkrum áratugum síðar. Þarna sést í hnotskurn sá vandi sem hlýtur ávallt að fylgja þróunaraðstoð frá einum menningarheimi til annars, þegar fordómar tveggja heima skella saman. Hægt er að líta starf Schraders í höfuðstað Norðlendinga sem hjálparstarf í svipuðum anda og nú þekkist meðal þjóða sem kallaðar eru vanþróaðar. Og flest bendir til þess að Schrader hafði gert það sjálfur. Sá dómur sem hann fellir um Íslendinga er heldur ekki ýkja frábrugðin því sem nú er sagt um fátækar og vanþróaðar þjóðir sem virðast verða fyrir litlum áhrifum af því

Þróunarstarfi sem vestrænar þjóðir reka í landi þeirra. Raunar er hægt að finna fjöldamörg dæmi um hvernig að slík þróunarstoð hefur öfug og rýrir kjör innfæddra þegar til lengri tíma er litið.

Schrader er þó vitaskuld hvorki sá fyrsti né sá síðasti sem fellir þennan dóm Íslendinga. Mörgum öðrum erlendum gestum hefur orðið tíðrætt um hið þversagnakennda þjóðarþel Íslendinga þar sem mikilmennskubrjálæði og vanmetakennd togast á til skiptis. Þessar þversagnir eru hins vegar hvoru tveggja í senn helsti styrkleiki og veikleiki þjóðarinnar. Íhaldsemin og þvermóðska oftlega unnið gegn þjóðinni, sérstaklega í verklegum eignum sem Schrader bendir ítrekað á. En á hinn bóginn hefði aðeins þjóð sem hefur snert af mikilmennskubrjálæði getað viðhaldið menningu sinni og sérkennum sínum svo ákveðið sem Íslendingar hafa gert. Og sannleikurinn er sá að lykillinn að árangri Íslendinga felst í því að breyta ekki háttum sínum til samræmis við erlendar þjóðir, heldur að taka við erlendum nýjungum en samt halda fast við sérkenni sín og nýta þau sér til framdráttar. Þegar allt kemur til alls er það sú leið sem vanþróaðar verða að finna til þess að komast til bjargálna.

-

Heimildir

Anna Stephensen, Kristín Matthíasson og Steinunn Frímannsdóttir: „Caroline Rest” *Norðurland*, IX árgangur, 19. tölublað, 9 maí 1914.

Erlingur Davíðsson. „Stefán Jónasson frá Knarrarbergi”. *Aldnir hafa orðið* 2. Akureyri 1973.

Grumbkov, Ina von: „Ferðamyndir frá Íslandi”. Haraldur Sigurðsson íslenskaði. Reykjavík 1982.

Hulda Á. Stefánsdóttir: „Minningar Huldu Á Stefánsdóttur: æska” Reykjavík 1986.

Jónas Jónasson: „Hesthús fyrir almenning og samkomustaður fyrir bændur” *Norðurland*, 1 tölublað, IX árgangur, janúar 1914.

Íslendingur: „G.H.F. Schrader” 33. tölublað, I árgangur, 18 nóvember 1915.

Norðurland: „Vestheimskur mannvínur” 10. tölublað, XIII árgangur, 22. mars 1913.

Schrader, George H. F. : „Heilræði til ungra manna í verzlun og viðskiftum”. Steingrímur Matthíasson íslenskaði, Akureyri 1913.

Schrader, George H. F. : „Hestar og reiðmenn á Íslandi”. Jónas Jónasson íslenskaði, Akureyri 1913.

Sigurður Sigfússon: „George H. F. Schrader og Caroline Rest”. *Súlur* VI. 1976.

Steindór Steindórsson: „Akureyri, höfuðborg hins bjarta norðurs”. Reykjavík, 1993.

Steingrímur Matthíasson: „G.H.F. Schrader” *Íslendingur*, 15. tölublað, II árgangur, 14. apríl 1916.

Þorvaldur Steingrímsson. Munnleg heimild. 2002.